



Borgarráð

Reykjavík, 9. september 2026

MIR26060016

Frístundakort 67 ára og eldri

Á fundi íþrótta- og útlífisráðs 9. september 2026 voru lögð fram drög að reglum um Frístundakort fyrir 67 ára og eldri.

Jafnframt var lögð fram umsögn öldungaráðs dags. 7. september 2026 varðandi málið.

Samþykkt með fjórum atkvæðum Sjálfstæðisflokksins og Viðreisnar. Fulltrúar Vinstrisins og Samfylkingar sátu hjá.

Fulltrúi Vinstrisins lagði fram svohljóðandi bókun:

Frístundakort fyrir efnaminni eldri borgara í Reykjavík er jákvæð nýlunda, enda ljóst að mikið er til þess vinnandi að tryggja þessum samfélagshópi greiðan aðgang að tómstunda- og íþróttastarfi. Fulltrúi Vinstrisins fagnar því samþykkt þessarar tillögu. Það vekur þó athygli á hörðum niðurskurðartímum í rekstri borgarinnar að meirihlutflokkarnir: Sjálfstæðisflokkur, Viðreisn og Framsókn, sjái færi til að stofna til nýrra útgjaldafrekra verkefna innan sviðsins. Slíkt kynni að skjóta skökku við ef grípa þarf til niðurskurðar á eldri verkefnum á komandi vikum og mánuðum.

Fulltrúi Samfylkingarinnar lagði fram svohljóðandi bókun:

Við styðjum að sjálfsögðu frístundastyrk fyrir eldri borgara en það er ekki hægt að samþykkja tillöguna eins og hún liggur fyrir. Áætlaður árlegur styrkkostnaður er á bilinu 58,9 - 244,7 m.kr. efri mörkin eru meira en fjórföld þau neðri. Hér er mál keyrt í gegn til að haka við verkefni á verkefnalista, sama hvað það kostar og enginn veit í raun hvað það kostar. Tillagan er ekki fjármögnuð og ekki liggur fyrir hvenær fólk mun geta farið að nýta styrkinn. Öldungaráð fagnar tillögunni en FEB telur tekjuviðmiðin of lág og að þau þarfnist frekari skoðunar. Við tökum undir það. Um leið vilja borgarfulltrúar Samfylkingar vara við sífelld meiri notkun tekjutengingar, þar sem lítil tekjuhækkun getur felld niður mörg réttindi í einu og fólk með svipaðar tekjur situr þá ekki við sama borð.

Við tökum undir athugasemd frá fulltrúa heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu þar sem styrkur nýtist takmarkað ef framboðið hentar ekki þeim sem helst þurfa á honum að halda.

Virðingarfyllst,
Steinþór Einarsson, sviðsstjóri
Menningar- og íþróttasvið

Hjálagt: Reglur um Frístundakort 67 ára og eldri.
Umsögn öldungaráðs.



Reykjavík



Reykjavík, 7. september 2026

MIR26060016

Reglur um Frístundakort fyrir 67+

Með vísan til erindisbréfs borgarstjóra frá 23. júní 2026 var starfshópi falið að kanna fyrirkomulag og gera kostnaðarmetnar tillögur að tekjutengdum frístundastyrk fyrir tekjulága Reykvíkinga 67 ára og eldri. Miðað er við að hámarksstyrkur geti numið allt að 60.000 kr. á ári. Markmiðið er að draga úr fjárhagslegum hindrunum, efla heilsu og virkni, auka félagslega þátttöku og vinna gegn einmanaleika og félagslegri einangrun.

Styrkinn verði hægt að nýta til skipulagðs íþróttta-, heilsu-, tómstunda-, menningar-, fræðslu- og félagsstarfs sem stendur yfir í að minnsta kosti fjórar vikur. Styrknum verði ráðstafað rafrænt beint til viðurkenndra þjónustuveitenda en ekki greiddur út til einstaklinga.

Lagt er til að rétturinn verði tekjutengdur samkvæmt skattframtalsgögnum en að eignastaða hafi ekki áhrif. Áætlaður árlegur styrkkostnaður er á bilinu 58,9–244,7 m.kr., eftir stærð réttindahóps og nýtingu.

Jafnframt er lagt til að núverandi sérkjör og réttindi eldri borgara hjá Reykjavíkurborg haldist óbreytt og ekki verið hægt að nýta styrkinn í þegar niðurgreidda þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir.

Virðingarfyllst,
Jóhanna Garðarsdóttir
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Menningar- og íþróttasvið*

Hjálagt: Drög að reglum um Frístundakort 67+



Reglur og skilyrði Frístundakorts 67+

1. gr.

Markmið og tilgangur

Markmið frístundakorts fyrir íbúa Reykjavíkurborgar, 67 ára og eldri, er að stuðla að aukinni þátttöku Reykvíkinga eldri en 67 ára í skipulögðu íþrótt-, heilsu-, lista- og tómstundastarfi sem eflir líkamlega, andlega og félagslega heilsu.

Frístundakortinu er ætlað að jafna tækifæri til þátttöku, draga úr fjárhagslegum hindrunum og styðja við virkni, sjálfstæði og lífsgæði fólks á efri árum.

2. gr.

Gildissvið og réttur til styrks

Rétt til frístundakorts samkvæmt reglum þessum eiga einstaklingar sem eiga lögheimili í Reykjavík og verða 68 ára á því almanaksári sem styrkurinn er veittur og þeir sem eldri eru.

Styrkurinn er einstaklingsbundinn og er ekki framseljanlegur. Hann verður ekki fluttur milli ára og ónotaður styrkur fellur niður við lok almanaksárs.

3. gr.

Fjárhæð og tekjutenging

Fjárhæð frístundastyrksins er samþykkt í borgarráði og ákveðin árlega. Ekki er heimilt að nýta hærri fjárhæð af Frístundakortinu en sem nemur kostnaði við það námskeið eða frístundastarf sem styrkurinn er nýttur til.

Styrkurinn er tekjutengdur. Tekjuviðmið taka mið af viðmiðum Reykjavíkurborgar um 100% afslátt af fasteignagjöldum fyrir tekjulægri ellilífeyrisþega eða öðrum sambærilegum viðmiðum sem borgarráð eða viðeigandi fagráð samþykkir.

4. gr.

Styrkhæft starf

Frístundakort má nýta til að greiða niður þátttöku- eða námskeiðsgjöld vegna skipulagðs starfs sem stuðlar að heilsu, virkni, félagslegri þátttöku eða vellíðan eldri borgara. Dæmi um styrkhæft starf eru; íþróttir, hreyfing, líkamsrækt, dans, jóga, listnámskeið, kórastarf, menningarstarf og annað sambærilegt uppbyggilegt starf.

Hið skipulega starf skal standa yfir í að minnsta kosti fjórar vikur, vera undir handleiðslu þjálfara, kennara eða leiðbeinanda og vera auglýst eða skipulagt með skýrum hætti. Við mat á styrkhæfni skal litið til þess hvort starfið sé reglubundið, faglegt og fallið til að styðja við markmið frístundastyrksins.

5. gr.

Aðilar sem geta tekið við greiðslu

Greiðsla frístundakorts getur runnið til félaga, fyrirtækja eða annarra viðurkenndra aðila sem bjóða upp á styrkhæft starf samkvæmt 4. gr., hafa gert samning við Reykjavíkurborg og uppfylla skilyrði borgarinnar um þátttöku.

Reykjavíkurborg getur sett nánari skilyrði um rekstrarleyfi, tryggingar, faglega ábyrgð, kennslu- eða leiðbeinendahæfni, öryggi þátttakenda, persónuvernd og upplýsingagjöf til borgarinnar.

6. gr.

Kostnaður sem styrkur nær ekki til

Frístundakortið nær ekki til viðbótarkostnaðar sem fellur utan þátttöku- eða námskeiðsgjalda, svo sem vegna búnaðar, fatnaðar, ferðakostnaðar, gistingar, veitinga, sjúkraþjálfunar eða annarra persónubundinna útgjalda.

Ekki er heimilt að nýta styrkinn til að greiða fyrir starf sem þegar er niðurgreitt af Reykjavíkurborg, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í samningi eða ákvörðun viðeigandi fagráðs.

Ekki er heimilt að nýta styrkinn til að niðurgreiða starf, þjónustu eða viðburði sem fara fram inni á stofnunum, svo sem dvalar- eða hjúkrunarheimilum, dagdvölum eða öðrum sambærilegum úrræðum, enda er frístundakortinu ætlað að styðja við sjálfstæða þátttöku eldri borgara í opnu og almennu frístunda-, íþrótt- og tómstundastarfi.

7. gr.

Ráðstöfun styrks og uppgjör

Styrknum er ráðstafað rafrænt í gegnum skráningar- eða greiðslukerfi félaga / fyrirtækja.

Með nýtingu styrks veitir styrkhafi Reykjavíkurborg heimild til að sækja nauðsynlegar upplýsingar um lögheimili, aldur, tekjur og greiðslu þátttökugjalds eftir því sem við á. Reykjavíkurborg getur aflað upplýsinga úr opinberum skráum eða frá skattyfirvöldum, að því marki sem lög heimila og með hliðsjón af persónuverndarsjónarmiðum.

Ráðstöfun styrks er endanleg þegar hún hefur verið samþykkt og greidd til félags / fyrirtækis. Ekki er heimilt að endurgreiða, bakfæra eða færa styrk yfir á annan einstakling eftir að honum hefur verið ráðstafað. Undantekningar eru ef námskeið fellur niður eða breytist á þann hátt að styrkhafi geti ekki nýtt námskeiðið, í þeim tilfellum getur félag / fyrirtæki óskað eftir bakfærslu styrks.

Menningar- og íþróttasvið fer með styrkuppgjör af hálfu Reykjavíkurborgar. Styrkuppgjör til aðila er í fyrstu viku hvers mánaðar og fer uppgjör fram með rafrænum hætti

8. gr.

Flutningur lögheimilis og breytingar á réttindum

Ráðstöfunarréttur styrks fellur niður frá og með þeim degi sem styrkþegi flytur lögheimili sitt úr Reykjavík. Einstaklingur sem flytur lögheimili til Reykjavíkur á styrkári getur öðlast rétt til styrks frá þeim tíma sem lögheimili hefur verið skráð í Reykjavík, að uppfylltum öðrum skilyrðum reglnanna.

9. gr.

Eftirlit, upplýsingagjöf og endurkröfur

Reykjavíkurborg hefur eftirlit með framkvæmd reglnanna og getur kallað eftir gögnum frá styrkþegum og þjónustuaðilum til að staðfesta að styrkur hafi verið nýttur í samræmi við reglurnar. Komi í ljós að styrkur hafi verið veittur á röngum forsendum eða nýttur í ósamræmi við reglur þessar getur Reykjavíkurborg krafist endurgreiðslu.

Samþykkt á fundi Íþrótt- og útilífsráðs Reykjavíkur 9. ágúst 2026



Viðtakandi: Íþrótt- og útivistarráð
Sendandi: Öldungaráð

Reykjavík, 7. september 2026

MSS26080068

UMSÖGN

Umsögn öldungaráðs um frístundastyrk fyrir 67 ára og eldri

Öldungaráð fagnar framkominni tillögu um að Reykjavíkurborg komi á frístundastyrki fyrir 67 ára og eldri.

Félag eldri borgara telur að tekjuviðmið séu of lág og þarfnist frekari skoðunar.

Enn fremur vekur fulltrúi heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu athygli á að mikilvægt er að hafa fjölbreytt framboð fyrir ólíka hópa hvað varðar heilsufar og færni.

Virðingarfyllst,
Valgerður Jónsdóttir
Skrifstofa málefni fatlaðra
Velferðarsvið - miðlæg skrifstofa



Reykjavík